



FUNDARGERÐ
33. fundur Odda bs
haldinn Fjarfundur í gegnum ZOOM , 16. nóvember 2020
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Elín Grétarsdóttir, Valtýr Valtýsson, Klara Viðarsdóttir og Ágúst Sigurðsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Rekstraráætlun 2021 - Oddi bs - 2009040

Umfiðun um sviðsmýndir og ákvarðanir um forsendur

Farið yfir áætlunina eins og hún stendur núna eftir vinnufundi með forstöðumönnum. Eins var farið yfir ýmsar forsendur sem leitt gætu til einherrar hagræðingar. Meðal annars var farið yfir mönnun á hverri stofnun fyrir sig, kostnað við rekstur mótuneytis, akstursgreiðslur, lengd skólaársins, opnunartíma leikskóla og skóladagheimilis á föstudögum, innkaup á búnaði og gjaldskrárbreytingar.

Eftirfarandi var ákveðið hvað varðar frekari forsendur þeirrar áætlunar sem lögð verður fram í stjórn Odda bs þann 24.11 n.k.:

Rekstrarumfang mótuneytanna tveggja verði betur samræmt

Mönnun verði samræmd betur milli leikskólanna tveggja

Gjaldskrá hækki um 2,5%

Sérstakar akstursgreiðslur sem gilt hafa tímabundið fyrir leikskólana falli út

Dregið verði saman í innkaupum á búnaði eins og frekast er unnt þetta árið

Leikskólar og skóladagheimili loki kl 15:00 á föstudögum í tengslum við útfærslu á styttingu vinnuvikunnar.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin yfirlesin og staðfest rafrænt með tölvupósti strax að fundi loknum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15.

Björk Grétarsdóttir

Haraldur Eiríksson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Elin Grétarsdóttir
